



Formannafundur miðvikudaginn 1. júní 2016

Haldinn í félagsaðstöðu Afureldingar á Varmárvelli kl. 18:15

Mætt voru: Grétar blakdeild, Gunnar Ingi knattsp. BUR, Vilhelmína fimleikum, Haukur Örn badminton, Brynja badminton, Eygerður fimleikum, Hallur knattsp. mfl.kv, Sigurður Rúnar karate, Anna Olsen karate, Aldís körfuknattleiksd., Ingvi frjálsum, Ester skrifstofu, Vilborg skrifstofu, Indriði skrifstofu, Geirarður aðalstj., Dagný aðalstj., Krístrún aðalstj., Ólafur aðalstj. og Birna aðalstjórn. Enginn mætti frá handboltadeild eða taekwondodeild.

Dagskrá:

1. Sköpum góða liðsheild – örfyrirlestur Birna Kristín Jónsdóttir flytur.
2. Reglugerðir deilda.
3. Fjáraflanir.
4. Formenn deila segja stuttlega frá starfi deilarinnar seinni hluta vetrar og hvað framundan er.
5. Önnur mál.
6. Veitingar og spjall.

1. Örfyrirlestur Birnu Kristínar

Skemmtilegur fyrirlestur Birnu um liðsheild, markmiðasetningu ofl. fyrir íþróttaiðkendur.

2. Fjáraflanir

- Ósk um endurskoðun á þeim fjáröflunum sem hefur verið deilt á deildir, t.a.m. dósasöfnum sunddeildar. Þarf aðkomu fleiri deilda þar sem bærinn er orðinn það stór að erfitt er að halda utan um þetta. Sóknarfæri þarna.
- Sala á klósettpappír hefur minnkað mikið, úr ca 600 einingum í 200.
- 17. júní – kaffisala. Handboltinn hefur verið með hana undanfarin 2 ár. Aðrar deildir mega sækja um að halda hana núna.
- N1 styrkur ræddur- styrkurinn rann út í fyrradag. Þarf að breyta nafni á vellinum?
- Intersportmót á Tungubökkum. Intersport dró sig út úr þeim styrk. Eru að fá nýja aðila inn, á eftir að staðfesta endanlega.

3. Reglugerðir fyrir deildir Aftureldingar

Farið var yfir 2 greinar m.t.t. breytingar, gr. 1 og gr. 5. Tillaga að breytingu á grein 1 var samþykkt og einnig grein 5 með smá breytingum. Sjá hér fyrir neðan.

Reglugerð fyrir deildir Aftureldingar.

1. grein. Aðalfundur deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun.

Aðalfundur deilda félagsins skulu haldnir fyrir 15. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deilda hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deilda. Til aðalfunda deilda skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Aðalfundur deilda er lögmætur

ef löglega er til hans boðað.

Tillaga að breytingu:

1. grein. Aðalfundir deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun.

Aðalfundir deilda félagsins skulu haldnir fyrir 15. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deilda hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deilda. Til aðalfunda deilda skal boðað með tú daga fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Framboð til stjórnarstarfa skulu berast eigi síðar en sjö dögum fyrir fund og skal skila framboðum á skrifstofu félagsins. Aðalfundur deilda er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

Tillagan að breytingu borin upp og samþykkt.

5. grein.

Stjórnir deilda.

Stjórnir deilda skulu skipaðar 3 -7 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda. Formenn og varaformenn deilda, skulu ekki sitja samhliða í ráðum, innan sömu deilda, s.s. barna og unglíngaráðum, eða meistaraflokksráðum.

Tillaga að breytingu:

5. grein.

Stjórnir deilda.

Stjórnir deilda skulu skipaðar 3 -7 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda.

Að út fari : **Formenn og varaformenn deilda, skulu ekki sitja samhliða í ráðum, innan sömu deilda, s.s. barna og unglíngaráðum, eða meistaraflokksráðum.**

Tillaga þessi borin upp en fundarmenn höfnuðu tillögunni.

Breytingartillaga:

Stjórnir deilda skulu skipaðar 3 -7 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, ~~varaformaður,~~ ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda. Formenn ~~og varaformenn~~ deilda, skulu ekki sitja samhliða í ráðum, innan sömu deilda, s.s. barna og unglíngaráðum, eða meistaraflokksráðum.

Breytingartillaga þessi var borin upp og samþykkt af meirihluta fundarmanna.

Skoðast því breytingartillögur þessar á 1. grein og 5. grein samþykktar á reglum deilda.

4. Formenn deilda

Anna – formaður karatedeildar.

- Mikill fjöldi byrjenda.
- Ánægja með þjálfarann, Telmu sem er að gera kraftaverk fyrir afrekshópinn.
- Æfingar verða 2x í viku í sumar, en engin sumarnámskeið.
- Þarf að bæta loftræstinguna í salnum.

Brynja – formaður badmintondeildar.

- Mikill aukning á iðkendum í haust.
- Nýtt þjálfunarkerfi tekið upp í haust hjá yngri hóp, Teknika- kerfið sama og Tinna Helgadóttir landsliðsþjálfari hefur verið að nota í þjálfun í Danmörku. Hefur reynst vel.

Aldís – formaður körfuboltadeildar.

- 23 skráðir 7-11 ára.
- Mögulegt samstarf við Fjölni.
- Sumarnámskeið.
- Tóku þátt í 3 mótum í vetur.

Vilhelmína – fimleikadeild.

- Skipt alveg um stjórn.
- Tóku þátt í 3 mótum í vetur og gekk mjög vel.
- Ætla að taka upp flokkakerfi.
- Eru að kljást við þjálfaraskort.
- Sumarnámskeið, með breyttu sniðu frá því í fyrra, bæði fyrir og eftir hádegi.
- Vantar áhöld (nýja fíberdýnu).

Hallur – knattspyrnudeild.

- Talaði vel um deildina.
- Langar að sjá Aftureldingu upp í 1. deild, og helst upp í Úrvalsdeild því þá fara peningar frá KSÍ að streyma inn. Vantar áhorfendur á leikina.

Gunnar Ingi – knattspyrnudeild BUR.

- Talaði fyrir hönd Guðbjargar formanns sem var forfölluð.
- Yfir 400 iðkendur.
- Liverpool skólinn haldinn aftur í byrjun júní, bæði í Mosfellsbæ og Akureyri.
- 6 fótboltanámskeið verða haldin í sumar.
- Verða að fá niðurstöðu í dekkjakurlsmálið.
- Tungubakkamót verður haldið 28.-29. ágúst. Alla jafna 1500 iðkendur.

Grétar – fulltrúi blakdeildar.

- Svipaður iðkenda fjöldi.
- Endurskipulagning á þjálfun deildarinnar, um 30 konur eru í 1-4 deild.
- Öldungamót í blaki verður haldið í maí á næsta ári, um 2.000 þátttakendur

5. Önnur mál

Indriði framkvæmdastjóri kom inn á nokkur atriði undir liðnum önnur mál:

Sumarlokun skrifstofu.

Sumarfrí starfsmanna raðast þannig að ekki þarf að loka nema 2 vikur í júlí. Þ.e. 11. - 22. júlí

Rekstrarstyrkir yngriflokka og afreksstyrkir meistaraflokka frá Mosfellsbæ – seinni úthlutun.

Verið er að deila styrkjum út í þessari viku – Aflættir í Nora verða millifærðir milli deilda og lán aðalstjórnar til deilda innheimt af styrkjum.

Lokauppgjör á N1 styrk.

Endanlegt uppgjör liggur fyrir á samningi þessum.

Aðalstjórn er að skoða nýjan styrktaraðila sem nýtist í sameiginlegum verkefnum.

Heimasíða hefur verið biluð síðustu daga en er komin í lag. Síðan er orðin gömul og enginn hér á landi lengur sem þjónustar hana ef hún bilar. Framkvæmdastjóri benti á að mikilvægt sé að huga að nýrri síðu fyrir félagið næsta haust.

Samningar. Framkvæmdastjóri minnir formenn deilda á að allir samningar deilda eiga að berast til skrifstofu til staðfestingar og skjalavörslu. Þetta á við um samninga við alla þjálfara og eins leikmannasamninga. Að skrifstofa fái einnig alla stærri styrktarsamninga deila til staðfestingar og skjalavörslu en á þessu hefur verið misbrestur.

Að lokum ræddi framkvæmdastjóri um tryggingarmál meistaraflokka, stefnumótun félagsins og hugmynd af kynningardegi félagsins í enda ágúst.

Einnig voru rædd **búningamál**. Þarf að bera undir formenn þegar nýjir búningar koma. Vantar reglugerð v/varabúninga, hvaða litir eiga þar að vera. Sumar deildir eru að nota hvíta aðrir svarta.

Milli liða var boðið upp á veitingar frá Hamborgarafabrikkunni og drykkjarföng.

Fundi slitið 20:10

Kristrún Kristjánsdóttir

(sign.)